

Bréf stýrihóps um endurskoðun reglna um Frístundakort til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 19. febrúar 2020.

Kæri viðtakandi

Menningar-, íþrótt-, og tómstundaráð Reykjavíkurborgar hefur sett á fót stýrihóp til að skoða mögulega endurskoðun reglna um Frístundakort.

Hópnum er ætlað að taka til endurskoðunar reglurnar og skilyrðin fyrir notkun þess að með það að markmiði að **auka frekar nýtingu kortsins og tryggja enn fjölbreyttara framboð frístundastarfs.**

Reglurnar, eins og þær eru í dag má finna hér:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/fristundakort_reglur_og_s
kilyrði_lokagerd_2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/fristundakort_reglur_og_skilyrði_lokagerd_2017.pdf)

Okkur langar að fá afstöðu þína/þíns félags til eftirfarandi spurninga

1. Telur þú nauðsynlegt að gera breytingar á reglum um frístundakort?
 - 1a. Ef svarið er „já“, hverjar eiga þær breytingar að vera?
2. Er eitthvað annað varðandi fyrirkomulag Frístundakortsins eða umgjörð frístundastarfs í Reykjavík sem þú vilt koma á framfæri?

Spurningunum má svara með því að senda tölvupóst á **fristundakort@reykjavik.is**
Frestur til þess að svara er til **4. mars 2020**

Með kærri kveðju, fulltrúar í stýrihóp um endurskoðun reglna um frístundakort.